

Nd.

157. Nefndarálit

um tillögu til þál. um kaup á húsi og lóð góðtemplara í Reykjavík.

Frá minni hl. fjárveitinganefndar.

Nefndin hefir ekki orðið sammála um afgreiðslu þessa máls. Minni hl. n. sér ekki ástæðu til, að ríkið kaupi hús og lóð góðtemplara fyrir fyrirfram fastákveðið verð, jafnvel þótt meiri hl. nefndarinnar leggi til, að kaupverðið verði lækkað um $\frac{5}{8}$ hluta frá því, er þingsályktunartillagan fer fram á. Eðlilegustu og sanngjörnustu lausnina teljum við, að ríkissjóður kaupi hús og lóð félagsins eftir mati óvilhallra, dómkvaddra manna.

Við höfum heldur ekki getað orðið samferða meðnefndarmönnum okkar um að veita reglunni styrk til húsaþygginga á þessu þingi. Hér er um að ræða fjárframlag úr ríkissjóði, er nemur sennilega yfir 100 þús. kr., og ekkert liggur fyrir, er bendi til þess, að nauðsynlegt sé að hraða þessari fjárveitingu með þingsályktun, heldur verði ályktun þar að lútandi látin biða næsta fjárlagaþings.

Samkvæmt framansögðu leggur minni hl. nefndarinnar til, að tillagan verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU.

Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að kaupa hús og lóð góðtemplara við Vonarstræti og Templarasund í Reykjavík eftir mati óvilhallra dómkvaddra manna.

Alþingi, 24. nóv. 1933.

Jón Sigurðsson,
frsm.

Þorsteinn Þorsteinsson.